

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Flúða.

**1. Almennt.**

Verðskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Hitaveitu Flúða.

Skattur á smásoluverð á heitu vatni samkvæmt lögum um umhverfis- og auðlindaskatta og virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum um virðisaukaskatt bætast við gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur á hverjum tíma.

**2. Varmaorka.**

2.1 Fast gjald er háð afköstum rennslismælis en óháð töxtum að öðru leyti.

<i>Fast gjald á mæli</i>	<i>kr./dag</i>
Mælastærð DN 15	43,25
Mælastærð DN 20	53,16
Mælastærð DN 25	69,49
Mælastærð DN 32	87,71
Mælastærð DN 40	104,64
Mælastærð DN 50	174,64

Fasta gjaldinu er dreift niður á tímabil reikninga.

**2.2 Rúmmetragjald.**

Varmaorka er afhent í formi heits vatns sem selt er samkvæmt rúmmetramælingu. Ekki er veittur afsláttur vegna takmörkunar á afhendingu varmaorku og/eða lækkun á hita vatnsins.

**H 1. Almenn heitavatnsnotkun.**

Taxtinn gildir fyrir upphitun, almenna heimilisnotkun og snjóbræðslu.

<i>Sala um mæli</i>	<i>kr./m³</i>
Rúmmetragjald skv. mælingu	77,37

**H 2. Taxtinn gildir fyrir iðnaðarfyrirtæki og landbúnað.**

Atvinnufyrirtæki til framleiðslu	62,13
----------------------------------	-------

**H 3. Taxtinn gildir fyrir gróðurhús sem framleiða garðyrkjuafurðir.**

Garðyrkja	28,06
-----------	-------

**H 4. Heimæðagjöld.**

Heimæðagjöld skiptast eftir málstærð heimtaugar.

<i>Heimæðagjöld - almenn</i>	<i>kr.</i>
Málstærð DN 20 mm	219.674
Málstærð DN 25 mm	270.539
Málstærð DN 32 mm	406.274
Málstærð DN 40 mm	811.107
Málstærð DN 50 mm	1.346.905

Heimæðagjöld fyrir stærri inntök en 50 mm skal reikna sérstaklega.

Gjald fyrir hvern lengdarmetra í heimæð, umfram 25 m er 1% af heimæðagjaldi.

Heimæðagjöld á svæðum þar sem ekki er hitaveita fyrir skal reikna sérstaklega.

<i>Heimæðagjöld - sumarhús</i>	<i>kr.</i>
20 mm	531.402
25 mm	950.851

Nr. 1102

4. desember 2014

Heimæðagjöld fyrir lengri heimæðar en 25 m skal reikna sérstaklega.  
Heimæðagjöld á svæðum þar sem ekki er hitaveita fyrir skal reikna sérstaklega.

3. *Önnur gjöld og ákvæði.*

Gjald fyrir aukaálestur hjá notanda	2.071 kr.
Lokunargjald	4.026 kr.

Við stækkun atvinnuhúsnæðis skal semja sérstaklega um gjald vegna stækunar á heimtaugum og aukningu á vatnsnotkun.

Þeir sem taka vatn gegnum gróðurhús til upphitunar á þökkunar- og geymsluhúsnæði, skulu greiða fast gjald sem hér segir:

Fyrir hvern m <sup>3</sup> húsnæðis á mánuði	28,91 kr.
--	-----------

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var í veitustjórn þann 20. október 2014 og síðan af hreppsnefnd Hrunamannahrepps 6. nóvember 2014 er hér með staðfest samkvæmt orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum og reglugerð um Hitaveitu Flúða nr. 729/2003 til að öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá nr. 1120/2013.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 4. desember 2014.*

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

**Kristján Skarphéðinsson.**

---

*Hreinn Hrafnkelsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 19. desember 2014